

Ed.

85. Nefndarálit

um frv. til laga um mentamálanefnd Íslands.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Jeg tel, að verkefni nefndarinnar sje eftir frv. bæði of ósamstætt, af því að nefndinni eru ætluð störf, sem krefjast mjög ólíkrar þekkingar, og of viðtækt að því leyti, að frv. virðist ætlast til, að umráð þeirra mála, sem nefndin fær til meðferðar, sjeu dregin alveg úr höndum landsstjórnarinnar. Sum þessara mála eru svo mikilvæg, að mjer virðist það ósamrýmanlegt við þá skiftingu valdsins, sem stjórnarskráin tiltekur, að draga þau með öllu undan framkvæmdarvaldinu, og óheppilegt sýnist mjer þetta vegna þess, að ábyrgðin af framkvæmd þessara mála er best komin hjá ráðherra, og dreifing hennar milli hlutfallskosinna nefndarmanna miður heppileg.

Sjerstaklega álit jeg, að ekki sje rjett að gera breytingu á núgildandi lög-gjöf um úthlutun á utanfararstyrk handa stúdentum samkvæmt lögum nr. 35, 1925. Nefnd þá, sem hjer um ræðir, mundi bresta þá þekkingu á hæfileikum nýút-skrafaðra stúdenta, sem nauðsynleg er til þess, að sú úthlutun geti orðið rjettlát, og sjá lögín frá 1925 miklu betur fyrir því máli. Þá tel jeg og, að sú tilhögun um úthlutun á utanfararstyrk til handiðnamanna og annara, sem nú er, sje betri en uppástunga þessa frv.

Hinsvegar viðurkenni jeg, að æskilegt væri, að stjórnin hefði nefnd sjer til ráðuneytis við úthlutun á styrk til listamanna og önnur skyld störf. Samkvæmt þessu get jeg fallist á, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Fyrir orðin í niðurlagi 1. gr. »starfar endurgjaldslaust . . . með fjárlögum« komi: greiðist kostnaður við nefndarstörfín af skrifstofufje stjórnarráðsins eftir reikningi, sem ráðherra úrskurðar.
2. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
Nefndin skal vera ríkisstjórninni til aðstoðar í þeim málum, sem falla í hlutverk hennar, og eru þau:
3. Við 2. gr. d-lið skal orða svo:
Að leiðbeina um kaup á altaristöflum handa kirkjum.

- 4 Við 2. gr. Stafliður e falli burt.
5. Við 2. gr. Stafliður f falli burt.
6. Við 2. gr. Stafliður g orðist svo:

Að hafa á hendi yfirstjórn sjóða, er stofnaðir kunna að verða til eflingar lista á Íslandi, enda sje nefndinni falið þetta í stofnskrám eða stofnlögum sjóðanna, svo og að hafa á hendi önnur skyld störf, er henni kynnu að verða falin.

Stafliðatalan breytist eftir atkvæðagreiðslu.

7. Við 3. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 2. febr. 1928.

Jón Þorláksson.